

Tillaga til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar leikskólans Brimvers/Æskukots. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 9. til 15. desember.

Tillaga #1.

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og kaffitímar felldir niður, samtals stytting uppá 48 mínútur á dag fyrir starfsmann í 100% starfi eða 4 klst á viku. Styttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall.

Útfærsla styttingar:

Styttingunni verður safnað upp og hún tekin út einn hálfan dag í viku, eða 4 klst fyrir starfsmann í 100% starfshlutfalli.

Útfærsla á neysluhléum:

Neysluhlé verða tekin upp, samkomulag verður um að starfsmenn fái 2x 15 mín neysluhlé yfir daginn, sem verður þó á forræði leikskólans. Starfsmönnum er ekki heimilt að fara af vinnustaðnum í neysluhléum.

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

Dagsskipulag þarf að taka mið af vinnutímastyttingu, starfsmenn leggja sitt af mörkum.

Veikindi og orlof:

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).


Endurskoðun:

Vinnustaðurinn og vinnutímanefndin leggur mat á árangri tillögunnar að 3 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. apríl 2021.

Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 89%

Vinsamlegast tilgreindu hvort þú sért hlynnt/hlynntur
tillögunni eða ekki.



Mean : 1.125 | Confidence Interval @ 95% : [0.990 - 1.260] | Standard Deviation : 0.338 | Standard Error : 0.069



OneCRM		
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málshæiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer: 2012144